

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

8. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 3. mars 2014 í félagsaðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Kristín Pétursdóttir (SH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórunn Ansnes (Sörli), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Magnús Gunnarsson (Haukar), Birgir Jóhannsson (FH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Viðar Halldórsson (FH), Þórarinn Sófússon (GSE) og Anders Már Þráinsson (SÍH).

- 1. Skýrsla. Ársreikningar, félaga- og iðkendatal aðildarféлага ÍBH starfsárið 2012**  
Framkvæmdastjóri ÍBH fór yfir skýrsluna sem er unnin úr gögnum sem félögin hafa sjálf sett inn í Felixinn félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og eru frá árinu 2012 en er starfsskýrsla 2013.
- 2. Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ á lögum ÍBH**  
Lagt fram bréf frá ÍSÍ dagsett 26. febrúar sl um að framkvæmdastjórn ÍSÍ hafi tekið fyrir lög ÍBH með breytingum sem voru samþykktar á síðasta ársþingi bandalagsins. Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir lög bandalagsins með áorðnum breytingum. Eintaki af lögnum dreift til fundarmanna. Löggin eru einnig á heimasíðu ÍBH undir lög og reglugerðir.
- 3. Fréttapunktur frá ÍSÍ**  
Lagt fram til kynningar og vakin athygli á því helsta í starfi ÍSÍ á árinu 2013.
- 4. Unglingalandsmót UMFÍ 2014**  
Bréf frá UMFÍ um Unglingalandsmót sem haldið verður á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina lagt fram til kynningar og fundarmenn hvattir til að koma upplýsingunum áfram innan sinna raða.
- 5. Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarf**  
Reglur um sjóðinn lagðar fram til kynningar. Fundarmenn hvattir til að kynna sér þær og koma upplýsingunum áfram innan sinna raða. Skrifstofa forvarnarmála hjá Hafnarfjarðarbæ heldur utan um sjóðinn. Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn. Framkvæmdastjóri ÍBH er í sjóðsstjórninni.
- 6. Bætt æfinga- og keppnisaðstaða í íþróttamiðstöðinni Björk**  
IK fulltrúi Bjarkanna fór yfir ný áhöld og tæki sem hafa verið sett upp fyrir Fimleikafélagið Björk í Íþróttamiðstöðinni Björk á árinu. Má þar m.a. nefna, stökkhest, kvenna- og karla tvíslá, nýtt gólf í Mínervusal fyrir taekwondo og nýjan æfingabúnað sem tryggir betur öryggi klifuriðkenda félagsins. Framkvæmdasvið Hafnarfjarðarbæjar samþykkti í lok síðasta árs að aðstoða félagið fjárhagslega á næstu þremur árum við endurnýjun á áhöldum og tækjum í Íþróttamiðstöðina Björk. Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði er þakkað fyrir veittan stuðning og velvild í garð félagsins.
- 7. Endurskoðun tímaúthlutunarreglna ÍBH**  
Vinnureglur ÍBH vegna tímaúthlutunar í íþróttamannvirkjum lagðar fram. Reglurnar eru endurskoðaðar árlega. Síðustu breytingar voru samþykktar á stjórnarfundi ÍBH 8. apríl 2013. Fundarmenn beðnir um að fara yfir reglurnar og koma með athugasemdir eða breytingartillögur á næsta stjórnarfund ÍBH. Umræður um skilafrest félaga á æfingatöflum til skrifstofu ÍBH. Er 1. september í nágildandi reglum. Er það mat starfsmanns ÍBH að skilafresturinn þurfi að vera fyrir og hefur bent aðildarfélagunum á að æskilegt sé að hann væri t.d. 15. ágúst.

## 8. Staðan í endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði

HM, EÓ og MG sem eru í vinnuhópnum kynntu stöðuna fyrir fulltrúum félaganna. Farið yfir bréf ÍBH til fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar dagsett 25. febrúar sl.

## 9. Stefnunótunarvinna

Mat fundarmanna að þeir þurfi að fá gögn frá Capacent u.þ.b. 8-10 dögum fyrir næsta vinnufund til undirbúnings svo vinnan verði markvissari og skili tilætluðum árangri. Formanni ÍBH falið að hafa samband við Capacent.

## 10. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá Siglingasambandi Íslands um siglingaþing laugardaginn 22. febrúar sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- b). Bréf frá Badminton sambandi Íslands um ársþing miðvikudaginn 30. apríl nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- c). Bréf frá Karatesambandi Íslands um karateþing laugardaginn 22. febrúar sl í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.
- d). Bréf frá ÍSÍ um námskeið ungra þátttakenda í Ólympíu í Grikklandi 15. – 29. júní nk. Umsóknunum þarf að skila til skrifstofu ÍSÍ.
- e). Bréf frá Frjálsíþróttasambandi Íslands um frjálsíþróttarþing sem verður haldið 21. – 22. mars nk á Akureyri.

## 11. Önnur mál

- a). HM greindi frá því að á nýloknum Íþrótt- og tómsfundanefndarfundum fyrr í dag hafi verið tekið fyrir erindi Knattspyrnufélagsins Hauka um nýjan íþróttasal í Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum og vísar hann í fundargerð fundarins um niðurstöðu málsins. Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir því að um keppnissal verði að ræða. „Íþrótt- og tómsfundanefnd tekur vel í tillögu um byggingu nýs íþróttasalar á Ásvöllum til lausnar á aukinni tímaþörf íþróttahreyfingarinnar í íþróttahúsum. Jafnframt telur nefndin ekki þörf á nýju keppnishúsi, heldur fyrst og fremst aukinni æfingaaðstöðu. Auk þess telur nefndin eðlilegt að Hafnarfjarðarbær eignist húsið í lok samningstímabils. Samþykkt af fulltrúum Samfylkingar og Vinstri grænna. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lýsir yfir óánægju með hve viðkomandi dagskrárliður barst seint, eða samdægurs. Óskaði eftir því að málinu yrði vísað beint til fjölskylduráðs til umfjöllunar.“ (Úr fundargerð ÍTH frá 3. mars 2014.)
- b). HM sagði frá heimsóknunum sínum á stjórnarfundum hjá aðildarfélögum. Félögin sem hann hefur núþegar heimsótt eru, Keilir, Björk, SH. HM óskaði eindregið eftir því að heimsækja stjórnarfundum fleiri félaga. BJ bauð honum að heimsækja FH 31. mars nk.
- c). IK spurði hvernig staðan væri á frjálsíþróttahúsinu í Kaplakrika. BJ svarði að stefnt væri að því að taka það í notkun 1. maí nk með lýsingu en án loftræstingar.
- d). MG sagði frá nýlegri heilslípun á parketti íþróttasalarins á Ásvöllum og að þörf væri á nýrri tíma- og stigaklukku í íþróttasalinn.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.40.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.